


SVONA SKRÁIR ÞÚ ÞIG Á LANDSMÓT 50+


Hægt er að senda tölvupóst til Bjarneyjar, framkvæmdastjóra UMSB á netfangið bjarney@umsb.is og óska eftir aðstoð við skráningu.

Gott er að senda með upplýsingar um nafn, kennitölu, símanúmer og netfang.

1. Skráningarhnapp er að finna á heimasíðu UMFÍ.
Einnig er hægt að smella [hér](#).
2. Þegar smelt er á hnappinn, kemur eftirfarandi síða upp:
Smelt er á hnappinn: *Innskráning í Sportabler*. (sjá rauða ör)



3. Slegið er inn netfang og smelt er á: *Stofna aðgang*.
4. Þegar þessu er lokið ætti að berast tölvupóstur til þín með nánari upplýsingum.



5. Þegar tölvupósturinn kemur er smellt á hlekkinn í honum. Það getur tekið smá stund fyrir tölvupóstinn að berast.



6. Þegar búið er að smella á hlekkinn í tölvupóstinum þarf að fylla inn upplýsingar um rafræn skilríki.


7. Þegar búið er að staðfesta rafræn skilríki þarf að fylla inn almennar upplýsingar. Netfang, kennitala og nafn kemur sjálfkrafa inn. Fylla þarf inn upplýsingar um símanúmer og velja sér lykilorð.

8. Næst ætti skráningasíða fyrir Landsmótið að opnast. Ganga þarf frá kaupum á þátttökugjaldi. Það er gert með því að velja íþróttahérað og/eða það félag sem er með beina aðild að UMFÍ.


Ef þú ert ekki viss um hvaða íþróttahéraði þú tilheyrir er hægt að hafa samband við þjónustumiðstöð UMFÍ og fá leiðbeiningar. Sími 5682929.

9. Þegar þessu er lokið er smellið á hnappinn *Kaupa* og gengið frá greiðslu.

Athygli er vakin á því að haka þarf við valmöguleikann: **Ég samþykki skilmála.**



10. Þegar búið er að ganga frá greiðslu á þátttökugjaldi er gengið frá skráningu í greinar á mótinu. Undir liðnum **greinaskráning** þarf að smella á hnappinn **kaupa**. Þarna geturðu skráð þig í eins margar greinar og þú vilt taka þátt í. Þegar þú hefur valið greinarnar smellirðu á hnappinn **Kaupa**.



11. Athygli er vakin á því að sérstaklega þarf að kaupa miða á **skemmti- og matarkvöldið** á laugardagkvöldinu. Verð fyrir viðburðinn og matinn er 4.500 krónur.

SKRÁNING Í LIÐAKEPPNI

Liðakeppni er í nokkrum greinum (boccia, bridds, göngufótbolta, körfubolta 3:3, pútt, ringó og boðsund). Við skráningu í liðakeppni þarf hver og einn að ganga frá sinni skráningu og taka fram nafn á liðinu í þar til gerðan reit. Ekki er hægt að ganga frá skráningu fyrir heilt lið í einu.

Til að geta skráð nöfn liða og liðsfólks þarf að smella á hnappinn: **Request access**. Að stuttum tíma liðnum færðu aðgang að skjalinu.

[Hér eru skráð nöfn liða, liðsfólk og fjöldi eftir greinum.](#)

FYLGSTU MEÐ UPPLÝSINGUM

Á heimasíðu UMFÍ er að finna dagskrá, keppnisgreinar og svör við algengum spurningum.

[Landsmót UMFÍ 50+ heimasíða](#)

Á Facebook er að finna viðburð fyrir mótið. Við hvetjum þig til þess að fylgjast með upplýsingum þar og hvetja vini og vandamenn til þátttöku á mótinu.

[Landsmót UMFÍ 50+ á Facebook.](#)

ERTU MEÐ SPURNINGU?

Hægt er að hafa samband við þjónustumiðstöð UMFÍ í síma 568 2929.

Einnig er hægt að senda okkur línu á netfangið umfi@umfi.is

Fyrir nánari upplýsingar er hægt að heyra í Ómari Braga, framkvæmdastjóra mótsins. Sími 898 1095. Netfang omar@umfi.is

Sjáumst í góðu skapi í Borgarnesi!